

Skýrsla stjórnar til aðalfundar Hvanneyrabúsins ehf.

Hvanneyri 23. ágúst 2017

Alls voru haldnir tveir formlegir stjórnarfundir milli aðalfunda;


21. september 2016

19. janúar 2017

Þá hafa stjórnarmenn og bústjóri átt samskipti í samtölum, tölvupósti og síma til að ræða málefni sem varðar félagið.

Í heildina gekk rekstur félagsins vel árið 2016 og samkvæmt áætlunum stjórnenda í upphafi árs. Rekstrarhagnaður ársins var um 7,3 milljónir króna (9,6% af veltu) en hagnaður eftir fjármagnsliði um 4,8 milljónir króna (5,8%). Stefna ber að hærri rekstrarafgangi til að auðvelda hraðari endurnýjun á lausafjármunum án mikilla lántöku. Vegna endurnýjunar af tækjum og búnaði hefur greiðslubyrði af skammtímalánum verið að aukast. Á móti hefur eignamyndun aukist enn meira. Áætlanir þessa árs gera ráð fyrir áframhaldandi bata á rekstri.

Eiginfjárstaðan batnaði frá fyrra ári um 5 milljónir króna í 17,9 milljónir. Enn er þó langt í að eiginfjárstaðan nái upphaflegri stöðu þegar félagið var stofnað (2009) en þá var hún um 50 milljónir króna. Félagið greiðir engan tekjuskatt vegna uppsafnaðs taps á árunum 2010-2014 sem nam samtals tæplega 48 milljónum króna.



Félagið hefur lengi átt í deilum við Hestavini vegna vangreiddrar húsleigu fyrir Þóruhlög. Ákveðið var að sækja ekki málið frekar vegna kostnaðar og afskrifa skuldina.

Lítið var um fjárfestingar á árinu nema að keypt var ný fjósvél í stað liðléttings sem búið hafði að láni frá Lbhí. Þá var heilfóðurvagn seldur þar sem hann passaði illa við aðstöðuna í fjósinu. Mjaltaróbotinn var uppfærður frá grunni og viðhaldsstigið aukið frá því sem áður var. Verulegar endurbætur voru gerðar á ræktunarlandi Hvanneyrarjarðarinnar með framræslu, hreinsun skurða og endurræktunarátaki. Ljóst er að hraða þarf enn frekar viðhaldi bygginga og endurnýjun á tækjum og búnaði í og við fjósið. Einnig er kominn tími til að leita leiða til þess að fjármagna stærri breytingar á fjósinu eins og t.d. á mykjukerfi en núverandi kerfi er ónýtt. Þar sem félagið hefur ekki heimild til að taka lán í þær framkvæmdir er ljóst að eigandi félagsins, Lbhí, þarf að ganga í það mál.

Í samstarfssamningi við Lbhí frá 2015 er gert ráð fyrir að skólinn greiði félaginu fasta upphæð fyrir þjónustu við kennslu og rannsóknir. Umfang þjónustunnar hefur þó aukist meira en gert var ráð fyrir í upphafi þegar að samstarfssamningurinn var undirritaður og þess vegna átti bústjóri og formaður stjórnar fund með rektor í mars til að óska eftir endurskoðun og hækkun á þjónustugjöldum. Það mál er enn óafgreitt.

Stjórnin vill að loku þakka starfsmönnum samstarfið á árinu og óska þeim til hamingju með góðan árangur í rekstri búsins.

f. h. stjórnar
Þóroddur Sveinsson

